



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skólabókasöfn

Á fundi borgarráðs þann 16. nóvember 2023 var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skólabókasöfn. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um framtíð skólabókasafna í Reykjavík og hvort hægt sé að ganga út frá því að þau lifi áfram í þeirri mynd sem þau eru. Skólabókasöfn gegna mikilvægu hlutverki. Þangað koma börn á öllum tímum dags. Ýmist í hléi milli kennslustunda, í frímínútum, eftir skóla og jafnvel áður en skóladaðurinn hefst. Þangað fara heilu bekkirnir til að brjóta upp kennslustund og njóta bókmenna í hlýlegum aðstæðum skólabókasafna. Í kjölfar ákvörðunar meirihlutans að leggja niður Borgarskjalasafn myndaðist ótti hjá mörgum um að það væri aðeins upphafið af röð niðurlagninga bókasafna og þeim ætti frekar að steypa saman á einhverjum fáum stöðum í borginni. Um leið og skólabókasafn fer út úr skólanum er það ekki lengur skólabókasafn og nýting þess gjörbreytist. Þá eru börn ekki að skjótast inn til að lesa eða skoða bók þegar mínúta gefst inn á milli á skólatíma hvað þá að koma við í byrjun eða lok skóladags.

Svar:

Í sjötta kafla laga um grunnskóla, annarri málsgrein tuttugustu greinar segir: Í öllum grunnskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla. Í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar eru skólasöfn en fyrirkomulag þeirra, starfsemi og mönnun er með ólíkum hætti. Þó nokkrar tilraunir hafa verið gerðar með nýsköpun í fyrirkomulagi starfseminnar, bæði með samrekstri við almenningssöfn og með því að víkka út starfsemi skólasafnsins með fjölbreyttum og skapandi hætti.

Ekki er til heildstæð stefna fyrir starfsemi skólasafna í borginni en 21. mars 2023 lögðu borgarfulltrúar Vinstri grænna fram [tillögu um mótun heildarstefnu um sértækt hlutverk skólasafna](#) í borginni. Sú tillaga var samþykkt og vísað til menningar- íþrótt- og tómstundaráðs til vinnslu. Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á mikilvægi þess að sviðið verði kallað til þegar mótun þeirrar stefnu fer í gang.